Umhverfisstofnun
Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24
IS – 108 Reykjavík
Tel: +354 591-2000
Fax: +354 591-2020
www.umhverfisstofnun.is
ust@umhverfisstofnun.is

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 22. mars 2017
UST201703-050/B.S.
10.05.05

**Efni: Umsókn um nýtingarleyfi - jarðhiti - Reykholt í Borgarbyggð. Umsögn**

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 3. Mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn um nýtingarleyfi.
Eins og fram kemur í umsókn Geirs Waage hefur jarðhiti verið nýttur í Reykholti síðan á Söguöld. Síðan árið 1974 hefur verið notuð borhola sem kallast RH-1. Sú hola er ekki fóðruð í gegnum laus jarðlög og því er nú svo komið að mikið vatn tapast úr holunni og er talin þörf á að bora nýja holu. Hér er því verið að bora nýja holu til vatnstöku í stað borholu RH-1. Helst munar því að nýja holan verður fóðruð lengra en gamla holan og unnt verður að koma fyrir dælu gerist þess þörf. Að öðru leyti mun vatnstaka verða óbreytt nema hvað varðar aukna vatnsþörf vegna frekari bygginga í nágrenni Reykholts.
Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugðaða borun nýrrar holu í Reykholti og nýtingu hennar.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri